



Fundur með verkefnastjóra Norðurhjara vegna komu skemmtiferðaskipa 3.9.2024

Minnisblað verkefnastjóra Kistunnar

Halldóra Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Norðurhjara, boðar til fundar til að eiga samtál við Langanesbyggð um stefnumótun í móttöku skemmtiferðaskipa.

Mætt á fundinn: Halldóra Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Norðurhjara, Björn S. Lárusson, sveitarstjóri LNB, Þorri Friðriksson, forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og Sigríður Friðný Halldórsdóttir, verkefnastjóri Kistunnar sem tók saman minnisblað.

Stefnumörkun í móttöku skemmtiferðaskipa

Ef áhugi er fyrir því hjá Langanesbyggð að taka á móti skemmtiferðaskipum þá er mikilvægt að **sveitafélagið marki sér stefnu í móttöku skemmtiferðaskipa** þar sem meðal annars er komið inn á eftirfarandi atriði:

- Hvað treystir LNB sér til að taka á móti fjölmönnum skipum?
- Hvað þola innviðir fjölmenn skip? (afþreying, rútur, leiðsögumenn, salerni, heilsugæsla, apótek)
- Hvað geta stórir hópar verið á göngu um bæinn í einu?
- Hvenær ársins væri móttaka skemmtiferðaskipa?
- Komast skip að bryggju í Þórshafnarhöfn? En Bakkafjarðarhöfn.

Punktur varðandi höfnina:

- Vegna vertíðar og tíðrar komu flutningsskipa væri erfitt að taka á móti skemmtiferðaskipum að bryggju á tímabilinu frá miðjum júlí fram í nóvember.
- Þórshafnarhöfn gæti með góðu móti tekið á móti 120m skipum að bryggju, móttaka stærri skipa þyrfti að skoða sérstaklega út frá veðri í samráði við skiptsjóra og hafnarvörð.
- Bakkafjarðarhöfn getur ekki tekið á móti skipum við bryggju en hægt væri að flytja fólk í land á Zodiac bátum.

Vestnorden ferðamálaráðstefna

Vaxandi áhugi skemmtiferðaskipabransans fyrir ferðum á þetta svæði. Á plani 2025 er koma 250 farþegaskips á vegum SilverSea sem stoppar í Tumavíkinni í Þistilfirði og svo á Raufarhöfn. Þeir eru með skip í sínum flota sem taka frá 50-700 farþega.



Norðurhjari er á leið á **Vestnorden ferðamálaráðstefnu** 24-25. september þar sem verða a.m.k. þrjár skipaútgerðir; ein frá Kanada, önnur frá USA og svo Hurtigruten. Gott væri að fá punkta frá Langanesbyggð um hvernig þau óski eftir að sveitarfélagið sé kynnt gagnvart skemmtiferðaskipum.

Afbreytingarhugmyndir frá Norðurhjara fyrir okkar svæði:

- Söguganga um Þórshöfn (Kirkjan - ærslabelgurinn - skólar og íþróttamiðstöð - Valdi vatnsberi - Svartikleppur - höfnin - fróðleikur um lífið í litlu sjávarþorpi)
- Ferð út á Skoruvíkurbjarg (í fuglaskoðunarhúsið og á pallinn) Fín ferð fyrir fuglaáhugafólk og ljósmyndara sem eru á leiðangursskipum á norðurslóðum.
- Gönguferð um Rauðanes (+ Forystufjársetur)
- Gönguferð út í vitann á Grenjanesi, söngur og kleinur í vitanum.
- *Ef skip kæmi í maí:* Heimsókn í fjárhús á sauðburði + Forystufjársetur.

Tímalína vinnu við stefnu

1. Umræða um móttöku skemmtiferðaskipa var á síðasta aðalfundi Norðurhjara **22. febrúar 2024.**
2. Óskað er eftir umræðu Atvinnu- og nýsköpunarnefndar í Langanesbyggð um móttöku skemmtiferðaskipa **sept 2024.**
3. Umræður við ferðaþjónustuaðila um málefnið á ferðaþjónustukaffi í Kistunni sem er áætlað í **okt/nóv 2024.**
4. Samantekt umræðna á Norðurhjara, Atvinnu og nýsköpunarnefnd LNB og ferðaþjónustukaffis sent til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um áframhaldandi vinnu að móttöku skemmtiferðaskipa.